

SAMÞYKKT

um kattahald í Fellahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að takmarka eða banna kattahald í þéttbýli, ef til þess er talin brýn þörf, að mati heilbrigðisnefndar, héraðslæknis eða viðkomandi héraðsdýralæknis.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er aldrei heimilt að halda fleiri ketti en tvo eldri en þriggja mánaða á sama heimili. Allir heimiliskettir skulu bera merkta hálsól með bjöllu, þar sem fram kemur nafn eiganda, heimili og símanúmer.

3. gr.

Eigendum katta er skylt að gæta þess að kettir þeirra valdi ekki nágrönnum ónæði, en geti að öðrum kosti sætt takmörkunum um kattahald hafi borist skriflegar kvartanir um ónæði eða hættur sem kettir þeirra sannanlega valda, sbr. 1. gr.

4. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að láta eyða ómerktum flækings- og villiköttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti í sveitarfélaginu a.m.k. 2 sólarhringum áður en hún er framkvæmd.

5. gr.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum sem um kattahald gilda skal hann sæta skriflegri áminningu fyrir minniháttar brot. Vegna annarra brota getur viðkomandi sveitarstjórn afturkallað leyfið.

6. gr.

Ítrekuð brot gegn samþykkt þessari geta varðað sektum eða varðhaldi. Með brot skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, VI. og VII. kafla.

7. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Fellahrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytið, 13. mars 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.